



Atvinnuvegaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7,
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. september
2026

Efni: Umsögn um áform um breytingu á lögum um bókhald (ný heildarlög)

Samtök atvinnulífsins (hér eftir „SA“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar áform atvinnuvegaráðuneytisins um breytingu á lögum um bókhald, þar sem lagt er upp með að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga um bókhald. Í áformunum kemur fram að um heildarendurskoðun sé að ræða þar sem áhersla er lögð á að laga lagaumhverfi bókhalds að rafrænum veruleika í stað þess pappírsbókhalds sem lögin frá 1994 miðuðu upphaflega við, meðal annars með endurskoðun skilgreininga, breytingum á varðveisluákvæðum bókhaldsgagna og endurskoðun á ákvæðum um skoðunarmenn.

Samtökin fagna því að ráðist sé í heildarendurskoðun laga um bókhald og telja löngu tímabært að lagaumgjörðin taki mið af þeim raunveruleika að bókhald er nú að langstærstum hluta fært og varðveitt með rafrænum hætti. Áformin falla vel að því markmiði stjórnvalda að stuðla að hagstæðum rekstrarskilyrðum fyrirtækja, sbr. stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, enda getur úrelt og íþyngjandi regluverk sem ekki tekur mið af tækniþróun falið í sér ónaúðsynlegan kostnað og óhagræði fyrir atvinnulífið.

Samtökin leggja sérstaka áherslu á þá fyrirætlan að afnema kröfu um að bókhaldsgögn séu varðveitt hérlandis og að ábyrgð á varðveislu gagna verði þess í stað lögð á hinn bókhaldsskylda aðila, svo framarlega sem gögn séu ávallt aðgengileg eftirlitsaðilum án tafar. Þetta er löngu tímabær breyting. Samtökin telja mikilvægt að nýtt ákvæði verði nægilega tæknilega hlutlaust til að þola áframhaldandi þróun á þessu sviði, þannig að ekki þurfi að endurskoða lögin með reglulegu millibili vegna tækniframfara.

Samtökin fagna jafnframt fyrirhugaðri endurskoðun á hugtökum á borð við frumrit sem á rætur að rekja til pappírsbókhalds og á ekki lengur við þegar gögn verða í reynd eingöngu til í stafrænu formi. Mikilvægt er að nýjar skilgreiningar séu skýrar og samræmist hugtakanotkun í öðrum lögum sem varða rafræn viðskipti og rafræna reikningagerð, til að tryggja samræmi í því regluverki sem fyrirtæki þurfa að starfa eftir.

Í áformunum kemur fram að staða skoðunarmanna verði tekin til skoðunar þar sem ábendingar hafi borist um að fyrirkomulagið veiti fyrirtækjum og hagsmunaaðilum falskt öryggi. Samtökin leggja ríka áherslu á að þótt eðlilegt og sjálfsagt sé við þessa heildarendurskoðun að taka fyrirkomulag skoðunarmanna til gagnrýnnar skoðunar, verði þess vandlega gætt að endurskoðunin leiði ekki til þyngri eða kostnaðarsamari krafna fyrir minni félög. Fyrirkomulag skoðunarmanna var á sínum tíma sett til að létta undir með litlum félögum sem ekki þurfa á fullri endurskoðun að halda, og mikilvægt er að hver sú breyting sem gerð verður viðhaldi þeirri meginhugsun.




Þrátt fyrir að í áformunum sé gert ráð fyrir að breytingarnar hafi ekki í för með sér mikil áhrif á hagaðila leggja samtökin áherslu á að um er að ræða ný heildarlög sem leysa munu af hólmi lög sem gilt hafa um árabil. Rétt er að tryggja fyrirtækjum, endurskoðendum og bókhaldsþjónustuaðilum hæfilegan aðlögunartíma til að laga verklag, kerfi og samninga að nýjum lögum, jafnvel þótt einstakar efnisbreytingar teljist ekki íþyngjandi hver fyrir sig.

Að lokum vilja samtökin ítreka að bókhald er grundvallarþáttur í starfsemi og eftirliti með fyrirtækjum landsins, óháð stærð og starfsgrein, og að lög um bókhald snerta þar með atvinnulífið í heild með beinni hætti en flest önnur löggjöf á sviði viðskiptalífsins. Því skiptir höfuðmáli að vel og vandlega verði staðið að þessari heildarendurskoðun og að samráð við hagsmunaaðila í aðdraganda frumvarpsins verði eins víðtækt og kostur er. Samtökin lýsa sig reiðubúin til frekara samstarfs við ráðuneytið við vinnslu málsins og áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri þegar drög að frumvarpi verða birt til umsagnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins


Agla Eir Vilhjálmsdóttir